





Hjónabönd Hallgerðar 9-17 kafli

HELSTU SÖGUPERSÓNUR:

			1	2	
Höskuldur	Hallgerður	Þjóstólfur	Þorvaldur	Glúmur	Svanur
Pabbi Hallgerðar	Falleg með sitt hár	Fóstri Hallgerðar Drepur menn	Fyrsti eiginmaður Hallgerðar	Annar eiginmaður Hallgerðar	Galdramaður, frændi Hallgerðar

ÞAÐ SEM GERIST:

Hallgerður verður fullorðin. Þjóstólfur er látinn ala hana upp en hann hefur drepit margna menn og er

Fyrsti eiginmaður, Þorvaldur

Maður sem heitir Þorvaldur vill giftast Hallgerði. Þorvaldur og pabbi hans Ósvífur fara til Höskuldar, pabba Hallgerðar og spyrja hvort Þorvaldur megi giftast Hallgerði. Höskuldur samþykkir það. Enginn spyr Hallgerði hvort hún vilji giftast Þorvaldi. Þegar Höskuldur pabbi hennar segir henni að hún eigi að giftast Þorvaldi þá verður hún reið. Henni finnst Þorvaldur ekki nógu fínn fyrir sig.

Þorvaldur og Hallgerður giftast og Hallgerður flytur til hans. Þjóstólfur kemur með Hallgerði. Hallgerður á að stjórna matarmálum eins og konur áttu að gera á þessum tíma. Hallgerður sparar ekki matinn heldur hefur „allt í sukki“. Um vorið skortir bæði mjöl (korn notað í brauð) og skreið (þurkaðan fisk). Hallgerður segir Þorvaldi að það vanti mjöl og skreið. Þorvaldur segir henni að hann hafi haft venjulegt magn af slíku og venjulega hafi það enst fram á sumar. Hallgerður segir honum að það sé af því að hann og pabbi hans hafi svelt sig til að spara peninga. Þorvaldur verður reiður og slær hana svo fast að það blæðir.

Þjóstólfur sér Hallgerði og spyr hvað sé að. Hún segir hvað hafi gerst og bætir því að Þjóstólfur hafi ekki passað hana. Þjóstólfur segir strax að hann skuli hefna þessa og fer og drepur Þorvald. Til að koma í veg fyrir að Þjóstólfur verði drepinn fyrir þetta sendir Hallgerður hann til frænda síns Svans á Svanshóli en Svanur er galdramaður. Faðir Þorvaldar og menn hans elta Þjóstólf og ætla að drepa hann en Svanur galdrar fram þöku. Þorvaldur gefst upp á að elta Þjóstólf og fer til Höskuldar, pabba Hallgerðar og fær greiddar bætur (=peninga) fyrir son sinn. Málinu er þá lokið.

Annar eiginmaður, Glúmur

Annar maður, Glúmur vill kvænast Hallgerði. Hallgerður vill giftast honum. Hrútur ráðleggur þeim að taka Þjóstólf ekki með sér og leyfa honum aldrei að vera lengur hjá þeim en þrjár nætur. Hallgerður er ánægð og þau eignast dóttur, Þorgerði. Svanur deyr. Þjóstólfur hefur búið hjá Höskuldi en er rekinn þaðan og fer til Hallgerðar og fær að búa þar. Þjóstólfur og Glúmur rífast. Glúmur segir Hallgerði frá þessu. Þau rífast og Glúmur slær hana laust. Þjóstólfur sér þetta en Hallgerður bannar honum að drepa Glúm. Þjóstólfur drepur Glúm samt. Hallgerður sendir Þjóstólf til Hrúts sem drepur hann (líklega hefur Hallgerður gert ráð fyrir því)

Hjónabönd Hallgerðar 9-17 kafli

MUNUR Á HJÓNABÖNDUM:

1. Þorvaldur	2. Glúmur
Gift gegn vilja sínum	Vill giftast honum
Ekki a góðum ættum	Af góðum ættum
Þjóstólfur býr hjá þeim	Þjóstólfur fær ekki að búa hjá þeim en flytur þangað á endanum.
Hallgerður sukkar, hefur ekki stjórn á búinu	Hallgerður stjórnar búinu vel
Ber hana þannig að blæðir	Slær laust
Hallgerður hvetur Þjóstólf til að drepa hann	Hallgerður vill ekki að Þjóstólfur dregi hann
Hallgerður bjargar Þjóstólfi (sendir til Svans)	Hallgerður bjargar ekki Þjóstólfi (sendir til Hrúts)

AF HVERJU SKIPTIR ÞESSI SAGA MÁLI:

- 1) Báðir eiginmenn Hallgerðar slá hana og báðir eru drepnir þess vegna. Það er ekki gáfulegt að slá Hallgerði.
- 2) Hallgerður er sýnd sem kona sem er fær um að drepa menn. Hún lætur Þjóstólf drepa fyrsta mann sinn, Þorvald og þegar Þjóstólfur dregur annan mann hennar þá sendir hún hann til Hrúts og gerir líklega ráð fyrir að Hrútur muni drepa mann.

PERSÓNULÝSINGAR ÚR KAFLANUM:



„kvenna fríðust sýnum og mikil vexti og því var hún langbrók kölluð. Hún var fagurhár og svo mikið hárið að hún mátti hylja sig með. Hún var örlynd og skaphörð.“



„Hann var styrkur maður og vígur vel og hafði margan mann drepið og bætti engan mann fé. Það var mælt að hann væri engi skapbætir Hallgerði.“

1. „Þorvaldur var vel styrkur maður og kurteis, nokkuð bráður í skaplyndi.“



„Svanur var fjölkunnigur mjög. Hann var móðurbróðir Hallgerðar. Hann var ódæll og illur viðureignar“